Brunavarnaáætlun

Borgarbyggðar

Skorradalshrepps og

Eyja- og Miklaholtshrepps

2014-2019

Slökkvilið Borgarbyggðar

Efnisyfirlit

Samþykkt **4**

Markmið **5**

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar **5**

Gerð brunavarnaáætlunar 5

Endurskoðun brunavarnaáætlunar 6

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar **6**

1. Áhættumat **8**

2. Þjónustustig **10**

3. Skipulag slökkviliðs **12**

3.1. Verkefni slökkviliðs 13

3.1.1. Forvarnarstarf 14

3.3. Útkallsstarf 15

3.4. Annað 17

3.5. Rýmingaráætlun vegna gróður og skógaelda. **17**

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð **18**

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf 18

4.2. Svar- og greiningartími 18

4.3. Boðunartími 18

4.4. Virkjunartími 18

4.5. Viðbragðstími 18

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður **19**

5.1. Húsnæði 19

5.2. Bifreiðar 20

5.3. Búnaður 21

5.3.2. Búnaður á Hvanneyri, Reykholti og Húsafelli. 22

5.4. Fjarskipti 23

5.5. Viðvörunarbúnaður 24

5.6. Æfingarsvæði í Brákarey 24

5.7. Annað 24

6. Landupplýsingar **26**

7. Vatnsból og brunahanar **26**

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur **28**

9. Hafnir, vötn og mörk þeirra **30**

11. Flugvellir - Varaaflsstöðvar **32**

12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun **33**

12.1. ..... **Húsnæði** 33
12.2. ..... **Bifreiðar** 33
12.3. ..... **Menntun og búnaður** 33
12.4. ..... **Framkvæmdaáætlun** 34
Dreifingarlisti **37**
Heimildir **37**
Fylgiskjöl **38**
Fylgiskjal 1 ..... **39**
Fylgiskjal 1.1 ..... **40**
Fylgiskjal 1.2 ..... **41**
Fylgiskjal 1.3 ..... **42**
Fylgiskjal 1.4 ..... **43**
Fylgiskjal 2 ..... **44**
Fylgiskjal 3.1.1 ..... **57**
Fylgiskjal 3.1.2 ..... **58**
Fylgiskjal 3.2.1 ..... **60**
Fylgiskja 3.2.2 ..... **61**
Fylgiskjal 4 ..... **62**
Fylgiskjal 5 ..... **63**
Fylgiskjal 6 ..... **64**
Fylgiskjal 8 ..... **67**
Fylgiskjal 9 ..... **68**

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

> *"Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim."Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunnar.*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarfélaginu. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Borgarbyggð: 11. Júní / 2014.

SVEITARSTJÓRINN BORGARBYGGÐ

f.h. Borgarbyggðar

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. Skorradalshrepps

f.h. slökkviliðs Borgarbyggðar

Slökkvilið Borgarbyggðar
Slökkviliðsstjóri

Reykjavík,

f.h. Mannvirkjastofnunar

Markmið

Slökkviliðið hefur að leiðarljósi með þessari brunavarnaáætlun að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

> *"Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði."*

Markmið brunavanaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr.75/2000.

> *"Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim."Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunnar.*

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum slökkviliðs með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum sveitarfélagsins á aðgengilegan máta hvaða þjónustusta er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

> *"Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn/ir og Mannvirkjastofnun til samþykktar.*

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Borgarbyggðar eftir leiðbeiningum sem Mannvirkjastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaaðstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en öðrum vinnuaðferðum verður beitt.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkviáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. fyrir alla stærstu og erfiðustu áhættu þættina á svæði slökkviliðsins.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir

- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir af búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir slökkviliðið. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfssvæðinu sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

> *"Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki."*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar.

Við gerð fyrstu útgáfu brunavarnaáætlunar var fjölmörgum aðilum gefin kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við frumdrögin og var þar um langan lista að ræða, einungis þrír aðilar skiluðu inn ábendingum í það skiptið. Og við endurskoðun brunavarnaáætlunarinnar nú í ár (2013) var dreifingarlistinn skorin verulega niður og er hér einungis um lykil aðila að ræða.

Á það skal bent að brunavarnaáætlun Borgarbyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Skorradalshrepps verður ávalt aðgengileg og til lestrar á heimasíðum sveitarfélaganna og á heimasíðu Mannvirkjastofnunnar, ***mvs.is***

Eftirtöldum aðilum var nú gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Borgarbyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Skorradalshrepps.

Sýslumaðurinn í Borgarnesi.

Almannavarnanefnd Borgarfjarðar.

112 Neyðarlínan.

Mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Heppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps.

1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu. *Áhætta = líkindi x afleiðing*

Hér verður áhættugreining byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði slökkviliðs á næstunni. Mengunar- og slökkviáætlanir eru ekki til fyrir stærri áhættur innan starfssvæðisins, en verða gerðar síðar.

Áhætta á starfssvæði slökkviliðs er mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins. Hér fyrir neðan er listi yfir ráðandi áhættu staði á starfssvæði slökkviliðsins.

Borgarnes

- Grunnskólinn Borgarnesi
- Hótel Borgarnes
- Íþróttamiðstöð og sundlaug
- Límtré-Vírnet
- Loftorka í Borgarnesi
- Vegagerð ríkisins, Borgarnesi
- Brákarhlíð- hjúkrunar og dvalarheimili
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands Borgarnesi
- Víngerðin, Vallarási
- Landnámssetur
- Gömlu verslunarhúsin í Englendingavík.
- Eðalfiskur.
- Borgarverk.

Norðurárdalur og Stafholtstungur.

- Viðskiptaháskólinn Bifröst
- Varmalandskóli
- Félagsheimilið Þinghamar
- Söluskálinn Baulan
- Orlofsbyggð í Munaðarneslandi
- Náttúruumhverfi og sumarhúsabyggðir

Hvanneyri:

- Landbúnaðarháskólinn; skóli, mötuneyti og heimavist.
- Hús Bútæknideildar (BÚT)
- Búvélasafn
- Halldórsfjós (verðandi safnahús) og gömlu skólabyggingarnar (út frá sögulegu gildi staðarins)
- Fjósið.

Reykholt:

- Hótel Reykholt

Aðrar helstu byggingar sem eru í byggðakjarnanum í Reykholti en eru ekki skilgreindar sem verulegar áhættur eru:

- Skjalasafn-Eintakasafn ríkisins.
- Gamla Reykholtskirkja.

- Nýja Reykholtskirkja.
- Snorrastofa.

Kleppjárnsreykir:

- Kleppjárnsreykjaskóli
- Íþróttahús-og sundlaug

Húsafell og nágrenni:

- Náttúruumhverfi og sumarhúsabyggðir

Skorradalur:

- Náttúruumhverfi og sumarhúsabyggðir

Aðrar áhættur:

- Veiðihús við Grímsá, í Hestslandi
- Hestbúið- og Nautastöð BÍ
- Andakílsárvirkjun

Annað:

- Bruni í mosa, sinu og trjágróðri
- Flutningur á olíu og ýmiskonar hættulegri efnavöru annarri í gegn um héraðið.

2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

1. *Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss*
   Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun er í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. það er að lágmarki 20 klst. á ári.

2. *Slökkvistarf innanhúss og reykköfun*
   Slökkvilið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað frá 26 júlí 1984.

3. *Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum*
   Á svæðinu eru til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun með klippubúnað. Þessum þætti er sinnt frá stöðinni í Borgarnesi.

4. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*
   Heildarlausn vegna mengunaróhappa er ekki til sem stendur og hefur ekki verið tekið á þeim þætti sem fram kemur í lögum nr. 75/2000 um brunamál, þar sem kemur fram að viðbrögð vegna mengunaróhappa er á höndum slökkviliðs sveitarfélagsins. Viðbragðsáætlun vegna mengunarvarnarslysa er ekki til. Uppbygging verður svo í samræmi við kröfur og leiðbeiningar mannvirkjastofnunar. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur MVS. Slökkvilið Borgarbyggðar mun sinna minniháttar mengunar- og eiturefnaslysum eftir því sem aðstæður leyfa í samræmi við skipulag á svæðinu. Brunavarnir Suðurnesja munu sjá um meirihátta mengunarslys á svæðinu miðað við samning sem gerður var milli þessara aðila samninginn má nálgast hjá Borgarbyggð og Brunavörnum Suðurnesja.

5. *Eldvarnareftirlit*
   Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun, frá 7. apríl 1994. Eldvarnareftirliti verður sinnt af slökkviliðinu.

6. *Önnur þjónusta /* Dælingar
   Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, samkvæmt beiðni frá viðkomandi tryggingafélögum o.fl. en er ekki nógu vel búið búnaðarlega til þess að fást við þennan þjónustuþátt.
   Slökkvitækjaþjónusta
   Slökkvitækjaþjónusta er starfrækt af slökkviliðinu og hefur starfsleyfi Mannvirkjastofnunnar og Vinnueftirlits og hefur góða aðstöðu í Slökkvistöðinni í Borgarnesi. Einn maður hefur menntun og réttindi til að sinna þessum verkþætti.
   Slökkvistörf á flugvelli
   Slökkviliðið mætir í dag ekki út á flugvöll við Kárastaði, Húsafelli og Stóra Kroppi þegar flugvélar kom (flugtök og lendingar), enda er nánast einungis um einkaflug að ræða. Nauðsynlegt er þó að slökkvilið fái þjálfun til að sinna þessum þætti.
   Öryggisvöktun:
   Öryggisvöktun er framkvæmd þar sem það á við, að mati slökkviliðsstjóra.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra á því svæði. Samningar eru til milli Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar-og Hvalfjarðarsveitar, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Stykkishólms, Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar, Brunavarna Vestur-Húnavarnssýslu og Brunavarna Suðurnesja um gagnkvæma aðstoð slökkviliða þeirra við hvort annað í þessum efnum. Samstarfssamninga þessa má nálgast hjá viðkomandi sveitarfélögum. Slökkviliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum þó svo að ekki séu til staðar skriflegir samningar þar um.

3. Skipulag slökkviliðs

Skipurit fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Skipurit Slökkviliðs Borgarbyggðar.

Mynd 1.



Hjá slökkviliði er slökkviliðsstjórinn ráðinn í fullt starf. Gott samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliðsins. Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi Sýslumannsins í Borgarnesi og sinnir slökkviliðið brunavörnum og mengunarslysum í samvinnu við aðra björgunaraðila. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 50-60 á starfssvæðinu og alls eru 7 lögreglumenn og að auki 4 héraðslögreglumenn á vegum sýslumannsins. Yfirmenn slökkviliðsins í Borgarnesi eru tveir, þ.e. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri. Þá eru stöðvarstjórar slökkvikliðsins bæði í Reykholti, Bifröst og á Hvanneyri sem fara með stjórn á vettvangi þangað til slökkviliðsstjóri og/eða varaslökkviliðsstjóri mæta á svæðið og taka yfir stjórn á bruna- eða slysaavettvangi.

Staða slökkviliðsstjóra er 100% starf. Staða varaslökkviliðsstjóra er 25% starf. Heildar fjöldi slökkviliðsmanna þarf að vera a.m.k. 50 manns.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur slökkviliðs á grundvelli laga, reglugerða og samninga um slökkviliðið. Sveitarstjórn ræður staðgengil slökkviliðsstjóra í samráði við slökkviliðsstjóra. Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri faglega ábyrgð gagnvart sveitarstjórn og sinnir aðeins þeim verkefnum sem slökkviliðsstjóri felur honum þar fyrir utan hverju sinni.

Slökkviliðsmenn eru staðsettir í Borgarnesi, Hvanneyri, Reykholti, Bifröst og Laugargerði. Á þessum stöðum eru stöðvarstjórar. Slökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlit eru með aðsetur í Borgarnesi. Í Laugargerði er búnaður geymdur. Á þessum stöðum er einnig búsettir slökkviliðsmenn.

Slökkvistarf og eldvarnaeftirlit í Eyja- og Miklaholtshrepp er í samræmi við samning þar um.

Samningur er við Skorradalshrepp um brunavarnir og slökkvistörf (sjá fylgiskjal 8) Skorradalshreppur á slökkvibifreið sem Slökkvilið Borgarbyggðar rekur (sjá fylgiskjal 9).

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórna starfseminni og samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- stuðla að góðri þjónustu og samskiptum gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt út á við.
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi reglur og þjónustustig.
- stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðaskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

3.1. Verkefni slökkviliðs

Að sinna öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Slökkviliðið er fært um að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Einnig slökkvistarf í mosa, sinu og trjágróðri. Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf í nágrannasveitarfélögum samkvæmt beiðni þar um en samningur er í gildi milli sveitarfélaganna Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar-og Hvalfjarðarsveitar, Dalabyggðar, Reykhólahrpps, Stykkishólms, Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar og Brunavarna Vestur- Húnavatnssýslu um gagnkvæma aðstoð slökkviliðanna við hvort annað.
Einnig er samningur um gagankvæma aðstoð vegna slökkvistarfa og viðbragða vegna spilliefnaóhappa í gildi á milli Brunavarna Suðurnesja og slökkviliðs Borgarbyggðar og einnig vegna fræðslu og verklegrar þjálfunar slökkviliðsmanna úr Borgarbyggð hjá þeim Suðurnesjamönnum.

Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöðvunum í sveitarfélögunum og æfingar miðast við að slökkviliðið geti unnið þau störf í samræmi við gildandi þjónustustig.

Eldvarnareftirliti og þjónustu slökkvitækja ásamt sölu á eldvarnabúnaði á þjónustusvæðinu er sinnt frá slökkvistöðinni í Borgarnesi.

Mengunarslysaviðbragð er ný þjónusta sem sveitarfélögunum er skylt að sinna samkvæmt lögum frá Alþingi. Gerður var samningur milli Borgarbyggðar og Brunavarna Suðurnesja til að annast þann þátt slökkviliðsins. Til er lámarks búnaður í kerru til að takast á við mengunaróhöpp á landi í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja samkvæmt samningi. Slökkviliðsmenn verða þjálfaðir í að takast á við mengunaróhöpp á landi í samstarfi við Brunamálaskólann. Búnaður skal vera í samræmi við búnaðarlista sem Mannvirkjastofnun leggur til að verði til staðar. Mengunarkerra sem kom frá mannvirkjastofnun er staðsett í Borgarnesi.

Viðbragðsáætlun vegna mengunarvarnarslysa er ekki til en lokið verður að gera hana árið 2015. Á næstu árum verður komið upp mengunarslysadeild innan slökkviliðsins sem sinnir minniháttar mengunarslysum s.s. vegna olíleka og svopaðra efna. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur MVS. Slökkvilið Borgarbyggðar getur miðað við þann búnað sem það hefur yfir að ráða aðeins sinnt minni háttar tilvikum s.s. upphreinsun á olíu og efnum í litlu magni á afmörkuðum vettvangi. Brunavarnir Suðurnesja munu sjá um meiriháttar mengunarslys á svæðinu miðað við samning sem gerður var þar um.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.

Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;

Slökkvilið gæti þurft að vera tiltækt vegna slökkvistarfs á flugvöllum í samráði við Ísavia sem mun þá taka ábyrgð á mannskap og búnaði. Gera þarf samning við Ísavia vegna þessarar þjónustu (s.s. þjálfun og æfingar) ef á að sinna henni í framtíðinni.

3.1.1. Forvarnarstarf

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir starfsemi slökkviliðsstjóra / slökkviliðs.

Í dag sinnir slökkviliðsstjóri eldvarnaeftirliti meðfram öðrum daglegum störfum sínum en afar brýnt og nauðsynlegt er að starf eldvarnaeftirlitsmanns verði 100% starf sem allra fyrst. Það er vegna stærðar og fjölda bygginga og stærðar sveitafélagsins.

Starfssemin er tvennskonar:

- Eldvarnaeftirlit og skoðun .
- Upplýsingar til almennings og fræðsla.
- Samskipti við fjölmiðla varðandi upplýsingagjöf.

Helstu verkefni forvarna eru:

- ráðgjöf til hönnuða.
- Slökkvitækjaþjónusta
- skoðun teikninga á afgreiðslufundum með bygginga og skipulagsfulltrúum Borgarbyggðar.
- úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

- umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- fræðsla í skólum í samvinnu við lögregluna um eldvarnir og slys af völdum flugelda.
- slökkviliðsstjóri situr alla afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Borgarbyggðar. Og skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps með rétt til íhlutunar í afgreiðslumál og málfrelsi og tillögurétt.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnareftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Undirmenn hans mega hafa minni menntun svo sem Eldvarnaeftirlitsmann I og II. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í fylgiskjali 2.

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

3.3. Útkallsstarf

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við þá stefnu að allir uppfylli þær menntunarkröfur sem Mannvirkjastofnun setur varðandi menntun hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur. Slökkviliðið sinnir jafnframt verkefnum sem skapast við almannavarnaaðstæður og leggur fram tillögur til úrbóta, til að koma megi í veg fyrir stórtjón af völdum bruna í skóglendi í samráði við landeigendur og skipulagsyfirvöld.

Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun fólks vegna umferðarslysa
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- björgunar- og slökkvistörf
- almannavarnir
- viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði
- æfingar og þjálfun starfsmanna

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum Slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Þegar slökkviliðsmenn frá útstöðvum eru á undan slökkviliðsmönnum frá stöðinni í Borgarnesi byrjar stöðvarstjóri þeirrar stöðvar sem fyrst kemur á staðinn að stjórna

aðgerðum en framselur stjórn til slökkviliðsstjóra / varaslökkviliðsstjóra er þeir koma á staðinn.

Heildar fjöldi slökkviliðsmanna þarf að vera a.m.k. 50 og skiptast þannig;

Borgarnes	20
Bifröst	10
Hvanneyri	10
Reykholt	10
Laugargerði	8

Í Laugargerðisstöð er bíll með lausri brunadælu og viðeigandi búnaður því tengdur. Í Húsafelli er einnig geymd kerra með lausri brunadælu og viðeigandi búnaði til slökkvistarfa. Og þá verður einnig notaðist við mannafla sem býr á svæðunum til að fást við gróðurelda og aðra vá með slökkviliði.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við þjálfun og gildandi þjónustustig. Ekki hafa þó allir tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir eru ekki færir um að stunda reykköfun.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykköfun, klippuvinnu og minni háttar mengunarslysi s.s. olíuleka.

- Borgarnesi þurfa allir að geta sinnt klippuvinnu og viðbrögðum við minniháttar mengunarslysum og 60% þarf að geta reykkafað.
- Hvanneyri þarf um 50% slökkviliðsmanna að geta reykkafað.
- Reykholti þarf um 50% slökkviliðsmanna að geta reykkafað.
- Bifröst er miðað við að mannskapurinn geti sinnt vatnsöflun, slöngulögnum og slökkvistarfi utanfrá og verið með hlutina tilbúna þegar aðstoð berst frá Borgarnesstöð leitast verður við að tveir aðilar á Bifröst geti sinnt reykköfun ef þörf er á.
- Laugargerði er miðað við að búnaður sé til slökkvistarfa utanfrá en erfiðleikum er háð að manna liðið vegna skorts á mannafla. (Samningur um gagnkvæma aðstoð við Stykkishólm)
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðmanna að hafa lokið grunnnámihlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 70% slökkviliðmanna í Borgarnesi að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Æfingar miðast við að slökkvilið geti uppfyllt þær kröfur sem fylgja þjónustustigi slökkviliðsin.

Æfingaráætlun og endurmenntunaráætlun er að finna í fylgiskjali 4.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans og þjónustustigslökkviliðsins.

Sjá menntunarstig í fylgiskjali 3. og 3.1.

Slökkviliðsmenn skulu hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið þar sem farið er yfir helstu þætti slökkvistarfs.

Í útköllum er leitast við að vinna eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum verkefni manna í hverri stöðu.

3.4. Annað

Til er lítil mengunarslysadeild innan slökkviliðsins. Mengunarslysadeild skal útbúin nauðsynlegum búnaði til að takast á við þekkt eitur og spilliefni sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Þjálfa skal slökkviliðsmenn til að meðhöndla og vinna með búnaðinn. Vinna skal viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa. Öll meiriháttar mengunarslys og óhöpp verða unnin í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja samkvæmt samningi þar um.

Til er skýrsla unnin af VST fyrir slökkviliðin í Borgarbyggð og Akranesi vegna samvinnu slökkviliðanna um eldvarnaeftirlit og mengunarvarnir skýrslan var unnin árið 2004.

3.5. Rýmingaráætlun vegna gróður og skógaelda.

Nauðsynlegt er að unnin verði áætlun um rýmingu allra frístundabyggða á þjónustusvæði slökkviliðs Borgarbyggðar. Stefnt skal að gerð áætlunar í samráði við lögreglu, fulltrúa almannavarnadeilda Ríkislögreglustjóra og sveitarstjórna á svæðinu.

Árið 2012 voru lögð fram frumdrög að viðbragðsáætlun fyrir Skorradal og sumarhúsabyggðir í dalnum og einnig var komið á fót vegna Skorradals boðunarkerfi í gegn um Gsm-síma þar sem 112 neyðarlína í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra getur sent öllum sem staðsettir eru í Skorradal sms-skilaboð t.d. ef rýma þarf svæðið í skyndingu. Neyðarlínan getur kallað fram alla farsíma erlenda og innlenda sem eru innan þjónustusvæðis símafyrirtækjanna á því svæði og sent neyðarboð. Prófun hefur farið fram á kerfinu og gaf það góða raun. Einnig hefur slökkviliðsstjóri nýtt sér það að senda sms-boð vegna banns við notkunn flugelda í dalnum vegna þurrka á auðri jörð um áramótin 2012-2013. Og kom þá virkni kerfisins mjög vel í ljós.

Sjá eftirfarandi slóðir vegna Rýmingar-og neyðaráætlunnar vegna gróðurelda í Skorradal.

almannavarnir.is (undir viðbragðsáætlanir)

skorradalur.is (heimasíða)

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Engin Tetra-aðaltalstöð er fyrir hendi í stjórnstöð slökkviliðsins í Borgarnesi en bráðnauðsynlegt er að svo verði sem fyrst. Í dag eru tiltækar 25 VHF-handtalstöðvar auk 4 Tetra handtalstöðva nauðsynlegt er að fjölga bæði VHF -og Tetra handtalstöðvum. Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum og símhringingum. Hlutverk slökkviliðs í almannavá eru skilgreind í neyðarskipulagi almannavarna.

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Helstu viðburðir sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. meiriháttar bruni eða rýming á hjúkrunar- og dvalarheimili eða öðrum stað þar sem fjölmenni er saman komið. Hægt er að keyra um með sírenu og gjallarhorn og láta almenning þannig vita af yfir vofandi hættu og senda sms-neyðarskilaboð í gegnum 112.

4.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,7 sek. og greiningartími er allt að 1,5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar eftir þörfum

4.3. Boðunartími

Eins og áður hefur komið fram sér Neyðarlínan um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum og símhringingum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll frá Borgarnesi skal vera kominn út úr stöð innan fimm mín en á öðrum stöðum innan átta mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá slökkviliði er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnarástands eða annarra ástæðna.

4.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað í þéttbýli. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. einu sinni á ári. Almennt er slökkvistarf komið í gang innan fimm mínútna frá því að dælubíll með 5 mönnum kemur á staðinn.

4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokk II; eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokk III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (fylgiskjal 1). Þar sem slökkvilið er lengur en 30 mín er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitækja, reykskynjara og rýmingarleiða og auknu eldvarnaeftirliti.

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Borgarbyggðar og gildir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins um þær. Afskriftir eru samkvæmt afskriftareglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

Skorradalshreppur á slökkvibifreið sem er staðsett á Hvanneyrarstöð en Borgarbyggð rekur hana samkvæmt samningi þar um milli Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Rekstrarkostnaður slökkviliðsins er um 28.000.000 kr á ári.

5.1. Húsnæði

Slökkvistöðin er að Sólbakka 13-15, Borgarnesi

Húsnæðið er steinsteypt, byggt árið 1981 og er alls 725,4 m2. Hlutur slökkviliðs er 475,4 m2. á móti safnahúsi Borgarfjarðar sem er með geymsluhúsnæði í norðurenda hússins þar sem slökkviliðið var með aðstöðu áður eða til ársins 2012 er það flutti sig um set.

Bifröst

Borgarbyggð leigir 52 m2. Húsnæði undir slökkvbíl og annan búnað í steinsteyptri skemmu hjá Olgu Sigurðardóttur í Hraunbæ gengt Hreðavatnsskála ágætis húsnæði bjart, þurrt og hlýtt en salernis og hreinlætisaðstöðu vantar fyrir slökkviliðsmenn og nauðsynlega þyrfti að skipta um óþjálar hurðir fyrir bílgeymslu.

Hvanneyri

Slökkvistöðin á Hvanneyri er um 95/m^2. steinsteypt bygging sem hýsir yfirbyggða slökkvibifreið Skorradalshrepps sem þar er. Þar er einnig geymsla á tækjabúnaði og fatnaði slökkviliðsmanna og er mjög takmarkað rými í stöðinni til vinnu. En salernis og hreinlætisaðstöðu vantar fyrir slökkviliðsmenn.

Reykholt

Slökkvistöðin er í nýuppgerðu húsnæði 260 fermetra rými í Litla Hvammi sem áður var verkstæðisbygging. Þarna eru steypiböð og snyrtiaðstaða með pústafsogi, ásamt kaffi og félagsaðstöðu fyrir slökkviliðsmenn mjög vel búin og vistleg slökkvistöð.

Húsafell

Kerra með brunadælu og öðrum búnaði er staðsett í Húsafelli og hefur fengist geymd í flugskýli hjá Bergþóri Kristleifssyni í Húsafelli.

Laugargerði

Slökkvilið deilir húsnæði með Björgunarsveitinni Elliða. Húsið er stálgrindarhús og er í eigu Brunavarna Heiðsynninga. (Eyja- og Miklaholtshrepps og Borgarbyggðar)

5.2. Bifreiðar

Borgarnes:

- Renault-Kerax 450 dælubíll og björgunarbíll árg. 2007, með 4.000 lítra vatnstank og 4.000 lítra dælu m/v 3 m soghæð 200 l.froðutankur auk annars búnaðar.
- Scania tankbifreið árgerð 1992, ekinn 400.000 km. Tankur er 13.000 l. Ástand gott.

* Magirus-Deutz dælubíll árgerð 1976, ekinn 50.000 km. Vatnstankur 2.600 ltr. 2.500 dæla m/v 3 m soghæð bíllinn er orðinn mjög þreyttur og lúinn.

* Nissan D-cab 4x4 árgerð 2004. Ekinn 96.000 km. Stjórnendabíll ástand gott.

Hvanneyri:

- Yfirbyggður Ford F-550 árgerð 2007 . Byggt yfir hann á Ólafsfirði (MT-2000) Hann er 4x4, 2.200 ltr vatnstankur. 1.600 lítra dæla miðið við 3 m. soghæð. Einnig er 125 lítra. froðutankur og að auki annar búnaður til slökkvistarfa. Bíll í góðu standi.

Reykholt:

- Tankbifreið Man-16-240, 4x4 árg. 1986 með 8.000 lítra tank (tankur ónýtur) og lausri dælu Rousenbauer Otter-900 l/mín.
- M-Benz.dælubíll árg.1993 ekin 12.000 km. Með 4.000 lítra vatnstank 200 lítra froðutank og 3.700 lítra dælu m/v 3 m soghæð. Ástand bíls og búnaðar mjög gott.
- Ford-Econoline 250 - CW árgerð 1991 ekinn 210.000 km. Mannskaps og búnaðarbíll bíllinn orðinn jaskaður.

Bifröst:

- Chevrolet C-20 pic-up árgerð 1978 ekinn 36.000 km. Ástand bíls er gott. Búnaður bíls er 1.600 ltr. Zigler-WV brunadæla ásamt öllum nauðsynlegum búnaði til slökkvistarfa. **(bíllinn er án vatnstanks)**

Húsafell:

- Kerra með brunadælu og öðrum búnaði geymd í flugskýli Bergþórs Kristleifssonar.

Laugargerði:

- Chevrolet C-20 pic-up árgerð 1988 ekinn mikið? Og orðin mjög lélegur. Búnaður ný 2.200 ltr. Toyhatsu brunadæla ásamt öðrum nauðsynlegum búnaði til slökkvistarfa. **(bíllinn er án vatnstanks)**

Önnur tæki

- Í útköllum er notast við tilfallandi bifreiðar til mannflutninga og haugsugur bænda til slökkvistarfa. Samkvæmt lögum nr. 75/2000. um slökkvistörf og brunavarnir.

5.3. Búnaður

Hér eru talinn upp helsti búnaður hjá Slökkvilið Borgarbyggðar. Nánari upplýsingar um búnað og tæki er hægt að finna skrám slökkviliðsins á slökkvistöðinn í Borgarnesi

5.3.1. Búnaður í Borgarnes

• Rosenbauer-Otter 900 l/mín.	Ný
• Uppsogsdæla Honda 1.100 l/mín.	Ný.
• Honda bensín rafstöð 4kw.	Ný.
• Briggs&Stratton rafstöð 6 kw.	Ný .
• Robin rafstöð 3 kw.	Ástand gott.

Reykköfunarbúnaður

• 11 sett Reykköfunartæki,	Ástand gott.
• 12 auka kútar fyrir reykköfun.	Ástand gott.

Loftpressur til hleðslu á reykköfunarkútum.

• Lenard &Wagner 300 bar.	1. stk. Ný
• Líflína	3. stk.

Búnaður fyrir froðu, blandari og tveir stútar.

3 stk.	kastfroðustútar
5 stk.	millifroðutrektar
5 stk.	millifroðublandari (jektor)
300 lítra	millifroða

Stútar, greinistykki og lagnir

- 10 stk. Greinistykki
- 12- Millistykki
- 12- Hoenig
- 5- Unifire
- 2- Akron 125 US-gallon.
- 2- Elart
- 6- Viper
- 2- Brestkir
- 1- Vatnsþró 9.500 lítra

• Stofnlagnir	4”	30 m.
• Stofnlagnir	3”	400 m.
• Fæðislöngur	2 ½”	1850 m.
• Vinnuslöngur	2”	780 m.

- Vinnuslöngur 1 ½” 130 m.
- Vinnuslöngur 1” 0 m.
- Sogbarkar 8 stk. 4 ½” 2,5 m
- Sogbarkar 4 stk. 4 ½” 3 m
- Sogbarkar 7 stk. 3” 3 m.

- Yfirþrýstingsblásari, bensín 4 stk.

- Yfirþrýstingsblásari, rafknúin. 1 stk.
- Skífusög, bensín 1 stk.
- Keðjusög, bensín 1 stk.
- Skífusög, rafknúin. 1 stk.

Hlífðarfatnaður
- 24 stk. hlífðargalla
- 24 stk. hjálmar.
- 24 stk. öryggisstígvél.
- 24 stk. Reykköfunarhettur undir hjálma.

- Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, brotverkfæri o.fl.-

Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.

Stigar

1 stk. Stigi 10 m álstigi

2 stk Vinnustigar 8 m álstigar

2 stk. Stigi 11,60 m ál, breskir

5.3.2. Búnaður á Hvanneyri, Reykholti og Húsafelli.

Reykköfunartæki eru í slökkvibílum í Reykholts og Hvanneyrarstöðvum.

32-231 Hvanneyri 2 reykköfunartæki og 4 aukaloftkútar.

32-331 Reykholti 2 reykköfunartæki og 3 aukaloftkútar.

32-371 Reykholti 2 reykköfunartæki og 2 aukaloftkútar.

BAUER 300/bar. (1985) loftpressa til hleðslu á loftkútum pressan er á Reykholtsstöð.

Í Húsafelli er kerra með brunadælu og viðeigandi búnaði til slökkvistarfa.

Lausar dælur eru prófaðar reglulega og er ástandi lýst hér að neðan:

Rosenb. fox 1.600 l/mín..... ástand gott.
Zigler. 1.600 l/mín..... ástand gott.

Slöngur eru ekki þrýstiprófaðar reglulega og ástand því ekki ljóst, þær eru misgamlar en stefnt er að því að þær verði ekki eldri en 20 ára.

- Stofnlagnir 4” 0 m.
- Stofnlagnir 3” 500 m.

- Fæðislöngur 2½” 1.560 m
- Vinnuslöngur 2” 300 m
- Vinnuslöngur 1½” 620 m
- Háþrýstislöngur 1” 90 m
- Sogbarkar.....16 stk.

Stútar eru yfirfarnir lauslega eftir elda og eru misgamlir, það þarf að yfirfara þá, meta ástand og virkni þeirra og endurmeta stútaeign.

Kubbar.....2 stk.
Hoenig. .....4 stk.
Unifire.....10 stk.
Akron 125 us.gallon.....2 stk.
Háþrýsti.....3 stk.
Millifroðu.....2 stk.
Þungafroðu.....2 stk.

Handverkfæri eru öll í góðu ástandi og eru yfirfarin reglulega.
Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, kúbein, brotverkfæri o.fl.

Gott ástand er á eftirtöldum tækjum og áhöldum:

- Rafstöðvar 5 stk.
- Ljóskastarar 5 stk.
- Bensín hjólsög og bensín keðjusög.
- Fenzy 6 stk. Varalofthylki 9 stk.
- Bensín yfirþrýstingsblásari 2 stk.
- Stigar: Tveir timburstigar annar breskur og 8 metra álstigi á tankbifreið.
- Hlífðarfatnaður á 20 menn (Hjálmar og undirhettur, Gallar, Hanskar og stígvél).
- Handslökkvitæki: Fjögur stk. 6 kg. duft.
- Froða: 400 lítrar af 3% millifroðu.

5.4. Fjarskipti

Notast er við VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins, einnig eru í stöðvunum samskiptarásir almannavarna og björgunarsveita vegna samvinnu þessara aðila á vettvangi. Ekki er til staðar endurvarpi fyrir rásir slökkviliðs en hægt er að notast við endurvarpa (Gátt) almannavarna og björgunarsveita. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhaldi, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma.

- Talstöðvar (búnaður)fyrir reykkafara .....8 stk.
- Talstöðvarbúnaður fyrir reykköfunarstjórnanda.....3 stk.
- Handstöðvar VHF.....21 stk
- Fastar Tetra talstöðvar í slökkvibifreiðum.....4 stk

- GSM símar.....52 stk.

GSM-farsímar (vegna SMS boðunar) eru í eigu Slökkviliðs Borgarbyggðar og einstaklinga

5.5. Viðvörunarbúnaður

Ekki til staðar annar en sírenur á slökkvibifreiðum.

Viðvaranir til almennings eru þó gefnar út í samráði við Almannavarnir og sendar til fjölmiðla samkvæmt þeirra boðleiðum.

5.6. Æfingarsvæði í Brákarey

Slökkviliðið hefur fengið til umráða aflagðan 300,m/3 vatnstank „ Betubæ“ í Brákarey sem breytt hefur verið í æfingarhúsnæði fyrir reykkafara liðsins til reykköfunaræfinga og leitar að fólki í reyk frá reykvél og hugmyndir eru einnig uppi um að skapa mikinn hita í tanknum með Master olíublásara til að aðstæður verði eins og í brennandi húsrými. Við innréttingu tanksins var líkt eftir íbúðarhúsnæði og komið fyrir í honum nokkrum skilrúmum sem breyta má milli æfinga og eins verða í tanknum gömul húsgögn og húsbúnaður í ímynduðum herbergjum þannig að reykkafarar fái sem raunverulegasta mynd af leitarsvæði því sem þeir eru að leita í á æfingunni. Einnig bíður tankurinn upp á margvíslega möguleika fyrir fleiri æfingar slökkviliðsmanna s.s. stigaæfingar, æfingar við reyklosun og björgun af þaki og af svölum húsa og fleira. Þá er fyrirhugað að sækjast eftir auknu athafnasvæði til æfinga slökkviliðsins.

Mannvirkjastofnun kemur að þessu verkefni varðandi uppbyggingu slökkviliðsins á æfingasvæði þess í Brákarey í Borgarnesi og fær að nýta sér aðstöðuna í samráði við slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Borgarbyggðar varðandi námskeiðshald Brunamálaskólans sem haldin yrðu á Vestulandi.

Þá er á æfingum einnig notast við önnur svæði víðsvegar í Borgarbyggð til klippuæfinga og björgunar úr fólks úr bílflökum, slöngulagna og í aðrar æfingar slökkviliðsins. Þá er það hluti æfinga liðsins að heimsækja stórar og flóknar byggingar hér á okkar svæði ekki sjaldnar en annað hvert ár til að slökkviliðsmenn okkar geti gert sér sem gleggsta mynd af viðkomandi húsakynnum og innviðum þess með tilliti til þeirrar starfsemi sem fer fram í húsnæðinu.

Einnig stendur slökkviliðsmönnum Borgarbyggðar það til boða samkvæmt samkomulagi þar um að æfa með liðsmönnum Brunavarna Suðurnesja og njóta leiðsagnar þeirra á æfingasvæði þeirra í Reykjanesbæ á þetta sérstaklega við um æfingar á stjórnun á yfirtendrun elds og heitri reykköfun reykkafara og einnig annað það er snýr að störfum slökkviliðsmanna þeirra og okkar.

5.7. Annað

Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Borgarnesi Hve, sér um sjúkraflutninga á svæðinu.

Kerra með lausri dælu, slöngum og öðrum búnaði er staðsett í Húsafelli.

Slökkvitækjaþjónusta og sala á eldvarnarbúnaði er í slökkvistöðinni í Borgarnesi.

Öll helstu rit er varða starfsemi slökkviliða eru hjá slökkviliðsstjóra og kemur hann nauðsynlegum upplýsingum varðandi málaflokkinn til þeirra sem á þurfa að halda.

6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðsins er í suðri frá norðanverðri Skarðsheiði að Vegamótum á Snæfellsnesi í vestri, upp á miðja Holtavörðuheiði og Bröttubrekku í norðri og að efstu mörkum Borgarbyggðar ofan Kalmannstungu og Húsafells.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð vel kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í slökkvibíl verður mappa með grunnupplýsingum og staðháttarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt kort af dreifbýli og götukorti í þéttbýli. Í slökkvibíl er mappa með grunnupplýsingum og staðháttarupplýsingum af frístundabyggðahverfum með upplýsingum um vatnsból og helstu þætti. Einnig er forystubíll á Borgarnesstöð (32-131) búinn fartölvu með landfræðilegum upplýsingum og loftmyndum af Borgarbyggð. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar. Sjá fylgiskjal 1 og 1.1.

7. Vatnsból og brunahanar

Í Borgarnesi eru 60 brunahanar með vatnsþrýsting upp á 4 til 6 bar. Viðhald brunavatnsveitu og þar með brunahana er í höndum Orkuveitu Reykjavíkur. Nánari upplýsingar er að finna hjá Orkuveitu Reykjavíkur í Borgarnesi.

Á Hvanneyri eru sjö brunahanar (fjórir nýir) á 4” lögn einn í Reykholti við Snorrastofu á 5” lögn einnig eru þrír nýir brunahanar á nýju vatnsveitunni í Reykholti sem er 180 m/m lögn. Hanarnir eru neðan við Steindórsstaði, við Slökkvistöð og neðan við Eintakasafn ríkisins í Reykholtsskóla sunnan þjóðvegar. Vatnsþrýstingur er um 3,5 bör á Hvanneyri en 5,5-6 bör á Reykholtslögn og við Kleppjárnsreyki.Þá er í hálsinum ofan við Reykholtskirkju og Snorrastofu 150,m/3 miðlunartankur sem byggður var árið 2001. Þá gagngert til þess að bæta úr bágu ástandi á öflun slökkvivatns fyrir Reykholtsstað og var forsenda þess að Eintakasafn ríkisins yrði staðsett í fyrrum héraðsskóla í Reykholti. Í dag tengir Orkuveita Reykjavíkur neysluvatnsveitu fyrir Reykholtsstað og neðanvarðan Reykholtsdal auk Kleppjárnsreykja inn á miðlunartankinn sem er eins og áður segir miðlunartankur slökkvivatns fyrir Reykholtsstað. Þá eru tveir brunahanar í Kleppjárnsreykjahverfinu sem tengdir eru Reykholtsveitu og verður þrýstingur í þeim um 6 bör. Vatnslagnir eru flestar nýlegar á þessum stöðum og eru þær í góðu lagi. Á sumum stöðum getur verið erfitt að komast í vatnsból, og er tankbifreið notuð við þær aðstæður. Viðhald brunavatnsveitu og þar með brunahana er í höndum Orkuveitu Reykjavíkur. Nánari upplýsingar er að finna hjá Orkuveitu Reykjavíkur í Borgarnesi.

Fyrir utan vatnshana er vatnsöflun í vötnum, ám og lækjum t.a.m. Skorradalsvatni, Hvítá, Kiðá, sundlaug á Kleppjárnsreykjum og úr vatnstank við Bæ í Bæjasveit. Slökkviliðsstjóri uppfærir upplýsingar um vatnstökustaði en vatnstökustöðum verður fjölgað með bættri aðkomu að t.a.m. Skorradalsvatni. Skrár um vatnstökustaði verða uppfærðar og bættar samhliða nýjum merkingum og skrám sem fylgja munu landupplýsingum á næstu árum. Hægt er að fá nánari upplýsingar um vatnsveitur og vatnsból hjá slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjóra.

Búnarðarsamtök Vesturlands hafa unnið að skráningu vatnstökustaða lögbýla á starfssvæði slökkviliðsins og er þeirri vinnu lokið. Ný vatnslögn liggur til Borgarnes frá Grábrókarhrauni neðan við Bifröst sem tekin er í notkun 2007. Þetta er 310 m/m. vatnsæð.

Aðgengi að vatni í dreifbýli Norðan Hvítár er misjafnt, allt frá því að vera gott, þ.e. nóg vatn í að vera slæmt eða ekkert vatn. Í fyrsta slökkvibíl og stjórnendabíl eru möppur með grunnupplýsingum og staðháttarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból.

Vatnsveita Andakíls fær vatn úr Fossamelum í landi Fossa og er vatnslögn þaðan til Hvanneyrar, um er að ræða 10 sek / lítra, en vatnsbólið er ekki fullnýtt.

100.000 lítra vatnsgeymir er á Hvanneyri í umsjón Orkuveitu Reykjavíkur.

Bæjahverfi fær vatn úr landi Varmalækjar. Um fremur lítið vatnsmagn er um að ræða. Á Bæ er 7 $m/^3$ safntankur.

Orkuveita Reykjavíkur tók í notkun í ársbyrjun 2013 nýja vatnsveitu fyrir Reykholtsstað og Kleppjárnsreyki og tengjast henni þeir notendur sem fyrir voru á gömlu veitunni. Vatnsbólið er í landi Steindórsstaða og gefur um 10 sek/lítra. Þrír nýjir brunahanar eru á þessari lögn auk tveggja sem fyrir voru við Kleppjárnsreyki.

Framtíðarvatnsból til viðbótar þeim sem fyrir eru gætu verið við Hallmundarhraun, Reyðarvatn, Seleyri og Varmalækjarmúla, einnig væri hægt fá vatn hjá Grábrók í landi Brekku í Norðurárdal.

Aðrir staðir eru inni í myndinni en það er ljóst að í sumum tilfellunum þyrfti að flytja vatnið langar leiðir ef gjöfulustu vatnsbólin (undirstrikuð) yrðu fyrir valinu.

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Helstu áhættur eru taldar upp í 1. kaflanum en að auki má hér bæta við flugvelli í Húsafelli og flugvelli á Stóra-Kroppi. Báðir vellirnir eru malarvellir og eru fyrst og fremst neyðarflugvellir en auk þess notaðir af flugáhugamönnum, ekki er skipulagt áætlunarflug til vallanna. Verið er að lengja flugbrautina á Húsafelli og verður að meta í samráði við flugmálayfirvöld hvort bæta eigi við slökkvibúnaði, þjálfun slökkviliðsmanna o.fl. Flugmálayfirvöld líta á þessa stækkun sem öryggisatriði.

Ekki eru til slökkviáætlanir fyrir helstu byggingar eða svæði og er nauðsynlegt að hefja þá vinnu sem fyrst nú árið 2014 og henni verði lokið um mitt ár 2016.

Áhætta á starfssvæði slökkviliðs er mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins. Hér fyrir neðan er listi yfir ráðandi áhættu staði á starfsvæði slökkviliðsins.

